

Reglugerð um breytingu á reglugerð um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa, nr. 540/2006, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar "24.000.000 kr." í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: 30.000.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 19. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 28. október 2016.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Bolli Þór Bollason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.